



SKÁTARNIR

## Heimild til Bandalags íslenskra skáta til öflunar upplýsinga úr Sakaskrá ríkisins

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 segir í 3. – 4. mgr. 10. gr.: „Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2.gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegnar brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs. Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tólmstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“

Undirrituð/undirritaður/undirritað veitir hér með Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins hvort viðkomandi hefur hlotið refsídóm vegna ofan nefndra ákvæða á síðast liðnum fimm árum.

Þar að auki veitir undirrituð/undirritaður/undirritað Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hef hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (manndráp og líkamsmeiðingar og brot gegn frjálssræði manna) og barnaverndarlaga nr. 80/2002 á síðastliðnum fimm árum. Mér hefur verið kynnt og ég geri ég mér grein fyrir því að þessar upplýsingar eru umfram heimild skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. æskulýðslaga.

Undirrituð/undirritaður samþykkir ennfremur að þessar upplýsingar verði geymdar í lokuðu kerfi í trúnaðarbók.

Þessi heimild er gild á meðan að viðkomandi sinnir ábyrgðarstörfum á vegum skátahreyfingarinnar á Íslandi. Kjósi undirrituð/undirritaður að afturkalla umboð eða heimild þessa skal það gert skriflega.

**Nafn:** \_\_\_\_\_

**Kt.** \_\_\_\_\_

**Skátafélag:** \_\_\_\_\_

**Dagsetning:** \_\_\_\_\_

Reynist sakavottorð ekki í lagi áskilur BÍS sér rétt til að skrá upplýsingar í lokað kerfi í trúnaðarbók um að þú megir ekki starfa með börnum og ungmennum og láta trúnaðarmann viðkomandi skátafélags vita.

**Samþykkt með undirskrift:** \_\_\_\_\_

**Kt.** \_\_\_\_\_

